

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarásundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 24. júní 2021

Landspítali-háskólasjúkrahús
-forstöðumaður geðþjónustu
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík

I

Vísað er til heimsóknar umboðsmanns Alþingis 18. júní sl. á réttargeðdeild og öryggisgeðdeild á Kleppi, en auk umboðsmanns sjálfss tóku þrír starfsmenn embættisins þátt í undirbúningi og framkvæmd heimsóknarinnar sem fór fram á grundvelli svonefnðs OPCAT-eftirlits, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, umboðsmann Alþingis, eins og þeim lögum var breytt með 1. gr. laga nr. 147/2018. Tilefni heimsóknarinnar var umfjöllun í fjölmöglum í tengslum við starfsemi téðra geðdeilda og eftirfylgni með skýrslu um fyrri heimsókn umboðsmanns í lok október 2018.¹

Í upphafi er rétt að taka fram að ég tel að við undirbúning og framkvæmd heimsóknarinnar hafi samskipti við yður og aðra stjórnendur spítalans verið góð, greiður aðgangur hafi verið að þeim upplýsingum sem óskað var eftir auk þess sem í viðtölum við yður og aðra stjórnendur kom fram eindreginn vilji til að bregðast við ábendingum um mögulegar úrbætur. Svo sem yður er kunnugt var við heimsóknina sjálfa lögð megináhersla á að ræða við stjórnendur, þá sem vistast á staðnum og starfsmenn í því skyni að varpa ljósi á tiltekin atriði í aðbúnaði og starfsháttum deildanna. Áður en heimsóknin var farin hafði verið óskað eftir gögnum frá landlækni auk þess sem starfsmenn umboðsmanns áttu fund með landlækni þar sem málefni deildanna voru rædd.

Minnt er á að hlutverk umboðsmanns Alþingis á grundvelli OPCAT-eftirlitsins er ekki að skoða einstök mál eða atvik sem kunna að hafa komið upp á heimsóknarstað nema að því marki sem þau varpa ljósi á kerfisbundið verklag eða starfshætti sem kunna að leiða til slæmrar meðferðar eða aðbúnaðar þeirra sem vistast á viðkomandi stað. Einstök mál kunna eftir sem áður að koma til skoðunar umboðsmanns á grundvelli ábendinga eða kvartana frá borgurunum eða eftir atvikum á grundvelli frumkvæðisheimildar umboðsmanns.

¹ Sjá heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á réttargeðdeild, öryggisgeðdeild og sérhæfða endurhæfingargeðdeild á Kleppi 29.-31. október 2018 sem birt er á vefsíðu umboðsmanns: www.umbodsmadur.is.

II

Í fyrrnefndri skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar á Klepp árið 2018 var bent á að á grundvelli OPCAT-eftirlits hafi verið lögð áhersla á að mönnun og stjórnun á geðheilbrigðisstofnunum gegni lykilhlutverki í því mikilvæga verkefni að fyrirbyggja og hindra að vanvirðandi meðferð viðgangist á slíkum stofnunum. Mikilvægt sé að tryggja viðeigandi mönnun til að gæta að öryggi sjúklinga en einnig að meðferð sjúklinga og velferð þeirra verði ekki undir þegar gerðar eru ýmiss konar öryggisráðstafanir. Við stjórnun á geðheilbrigðisstofnunum þurfi að leggja rækt við að samstarf og samvinna fólks gangi sem best fyrir sig og almennt sé tekið á vandamálum og atvikum sem upp kunna að koma jafnóðum. Þannig sé m.a. hægt að koma í veg fyrir neikvæða upplifun starfsmanna sem geti haft áhrif á starfsemina og þar með velferð og meðferð sjúklinga.² Þótt umboðsmaður hafi ekki það hlutverk á grundvelli OPCAT-eftirlitsins að fjalla um starfsmannamál stofnana kunna slík atriði allt að einu að hafa slík áhrif á starfsemi og þar með velferð og meðferð sjúklinga að óhjákvæmilegt sé að taka þau til athugunar.

Ástæða þess að tilvitnuð atriði eru nefnd sérstaklega í þessu samhengi er að af viðtölum við starfsmenn og stjórnendur í heimsókninni og athugun á fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað séð en að ákveðinn samskiptavandi hafi verið til staðar á deildunum tveimur um nokkurn tíma sem hafi leitt til þess að einhver hluti starfsmanna hafi upplifað óánægju eða óöryggi í starfi. Hins vegar er ljóst að stjórnendur eru meðvitaðir um þann vanda sem uppi er að þessu leyti og þegar hefur verið gripið til ákveðinna ráðstafana í þeim tilgangi að bregðast við og bæta úr. Upplýst hefur verið að vinna standi nú yfir með það að leiðarljósi að leiða málið til lykta og til hvaða aðgerða hafi verið gripið eða sé fyrirhugað að grípa til í því sambandi.

Þá hefur það þýðingu að af viðtölum við sjúklinga og starfsmenn á deildunum tveimur verður ekki annað ráðið en að meðferð þeirra sé almennt í samræmi við mannúð og mannvirðingu. Eins og vikið var að í skýrslu umboðsmanns um Klepp í kjölfar heimsóknarinnar 2018 virðast starfsmenn leggja sig fram við að vera aðgengilegir og sem mest innan um sjúklingana. Viðmót starfsmanna í garð sjúklinga virðist hlýlegt og virðing einkenna samskiptin. Sambærileg mynd birtist almennt í viðtölum við sjúklinga í nýafstaðinni heimsókn.

Með hliðsjón af öllu framansögðu tel ég ekki tilefni að taka umrædd atriði til frekari skoðunar að svo stöddu. Hins vegar er áréttar að áfram verður fylgst með gangi mála og brugðist við á grundvelli þeirra úrræða sem umboðsmaður hefur ef ástæða þykir til.

III

Líkt og áður greinir var tilgangur heimsóknarinnar einnig að fylgja eftir skýrslu um heimsókn umboðsmanns á Klepp árið 2018 að því er snertir

² Sjá umfjöllun í 8. kafla áður tilvitnaðrar skýrslu.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

þær tvær deildir sem nú voru heimsóttar, þ.e. réttargeðdeild og öryggisgeðdeild. Í skýrslunni var ýmsum ábendingum og tilmælum beint til spítalans en einnig heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og Alþingis. Þær ábendingar og tilmæli lutu einkum að skorti á fullnægjandi lagaheimildum vegna starfshátta á deildunum en einnig var bent á að tilefni kynni að vera til þess að huga að þessum málum með almennari hætti vegna starfsemi annarra geðheilbrigðisstofnana.³

Á nýliðnu löggjafarþingi lagði heilbrigðisráðherra fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga⁴, en við gerð frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af tilvitnaðri skýrslu umboðsmanns. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé einkum að skapa lagaramma um það verklag sem viðhaft sé á heilbrigðisstofnunum hér á landi og felur í sér þvinganir, valdbeitingu eða annars konar inngríp í sjálfsákvörðunarrétt, frelsi og friðhelgi einkalífs sjúklinga. Með frumvarpinu væru því lagðar til breytingar á lögum um réttindi sjúklinga sem fælu m.a. í sér ný ákvæði um skilgreiningu nauðungar og fjarvöktunar, skilyrði fyrir beitingu slíkra inngrípa auk málsméðferðarreglna sem fylgja þyrfti, þ.m.t. skráningarskyldu tilvika, kærheimildir og rétt til að bera mál undir dómstóla. Frumvarpið varð ekki útrætt á nýafstöðnu löggjafarþingi.

Hvað snertir atriði sem eru á forræði Landspítala og umboðsmaður gerði athugasemdir við í skýrslu sinni er ljóst að þegar hefur verið brugðist við ýmsum ábendingum og aðrar úrbætur eru í vinnslu, s.s. innleiðing nýs atvikaskráningarkerfis.⁵ Þótt tekið hafi verið undir þær ábendingar sem enn hafa ekki komið til framkvæmda er þó, í ljósi þess tíma sem liðinn er frá því að þeim var komið á framfæri við spítalann, ástæða til að áréttu eftirfarandi:

- Við skoðun á deildunum í nýafstaðinni heimsókn kom í ljós að ákveðnar ábendingar vegna aðbúnaðar á þeim hafa enn ekki komið til framkvæmda.⁶ Má þar t.a.m. nefna að skipta þarf um eða lagfæra innréttningar og tæki á baðherbergjum á öryggisgeðdeild og gera úrbætur á heimsóknaraðstöðu deildarinnar. Í svörum spítalans við eftirfylgni umboðsmanns, dags. 30. nóvember 2020, kom fram að beiðni um úrbætur varðandi mörg þessara atriða hafi verið send þjónustusviði spítalans. Af þessu tilefni og í ljósi þess tíma sem liðinn er frá því skýrslan lá fyrir eru fyrrri tilmæli áréttuð og lögð áhersla á mikilvægi þess að bætt sé úr þeim atriðum sem út af standa til að tryggja öryggi sjúklinga.
- Í fyrrgreindum svörum spítalans, dags. 30. nóvember 2020, kom fram að áformað væri að útbúa fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur

³ Um þessi atriði er einkum fjallað í 14. kafla áður tilvitnaðrar skýrslu.

⁴ Sjá 151. löggj.b. 2020-2021, þskj. 943.

⁵ Sjá umfjöllun í 8. kafla áður tilvitnaðrar skýrslu.

⁶ Um þessi atriði er fjallað í 9. kafla áður tilvitnaðrar skýrslu.

annars vegar og starfsmenn hins vegar þar sem gerð yrði grein fyrir rétti sjúklinga og aðferðum til að koma kvörtunum og kærum áleiðis. Af viðtölum í heimsókninni varð ljóst að sjúklingar þekktu oft ekki rétt sinn eða möguleika til að kvarta yfir meðferð eða aðbúnaði. Af því tilefni eru ítrekuð fyrri tilmæli umboðsmanns um upplýsingagjöf til sjúklinga, og eftir atvikum aðstandenda, til að tryggja að þeir fái á aðgengilegan hátt upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir innan og utan spítalans.⁷

- Í viðtölum við sjúklinga kom fram að þeim þætti ekki alltaf skýrt hvaða reglur giltu á deildunum á hverjum tíma og framkvæmd þeirra væri stundum á reiki. Af þessu tilefni er lögð áhersla á mikilvægi þess að ef brot á reglum deildar geta haft í för með sér íþyngjandi afleiðingar fyrir sjúklinga verði þær að vera skýrar, aðgengilegar og fyrirsjáanlegar og kynntar fyrirfram með áreiðanlegum hætti, eftir atvikum reglulega.⁸
- Í viðtölum við sjúklinga og starfsmenn kom fram að takmarkað framboð á iðju við hæfi væri eitt af því sem betur mætti fara í starfsemi deildanna. Það athugast að þetta er í samræmi við það sem fram kom í fyrri heimsókn umboðsmanns og tilmæli hans í skýrslunni 2019 í þessu sambandi. Í ljósi mikilvægis þess að meðferð og endurhæfing sjúklinga feli í sér fjölbreytta möguleika til virkni er enn á ný mælst til þess að spítalinn taki til skoðunar hvort framboð af iðju taki með fullnægjandi hætti mið af einstaklingsbundnum þörfum og meðferð þeirra sem dveljast á umræddum deildum.⁹

Að lokum er óskað eftir því að umboðsmanni verði veittar upplýsingar og gögn um vistanir sjúklinga á öryggisgangi réttargeðdeildarinnar frá 1. október 2018 til 1. júní þessa árs. Þess er óskað að upplýst verði um lengd vistana og aðstæður sjúklinga meðan á þeim stóð, s.s. mögulegar takmarkanir á frelsi, t.d. heimildum til útiveru, heimsóknum og möguleikum til afþreyingar. Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist ekki síðar en 9. ágúst nk.

Virðingarfyllst



Skúli Magnússon

⁷ Um þessi atriði vísast til umfjöllunar í 12. og 13. kafla áður tilvitnaðrar skýrslu.

⁸ Fjallað er um deildarreglur í kafla 8.6 áður tilvitnaðrar skýrslu.

⁹ Fjallað er um virkni í 10. kafla áður tilvitnaðrar skýrslu.